

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 2004

5. janúar 2004

3

Nr. 4

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 705/2003 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á kínakáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>			kg	%	kr./kg
0704.9003	Kínakál	08.01-30.06.04	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. janúar 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

6. janúar 2004

Nr. 5

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, Brúarflöt 2.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 25. nóvember 2003, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 1 og 2 í Flatahverfi vegna lóðarinnar nr. 2 við Brúarflöt á Akranesi.

Breytingin felst í að stigahús verða tvö í stað þriggja og ná þau 75 cm út fyrir bindandi byggingarlínu til norðurs.